

Yfirlýsing

Við undirritaðir starfsmenn sem störfum í Íþróttamannvirkjum Akraneskaupstaðar að Jaðarsbökkum og við Vesturgötu mótmælum harðlega þeim áformum bæjaryfirvalda að heimila íþróttaiðkun í Íþróttamannvirkjum án þess að starfsmenn séu að störfum.

Það er mat okkar að þessi áform séu með öllu óheimil enda er í gildi kjarasamningur um þau störf sem um ræðir og þar af leiðandi algerlega óheimilt að ætla sér að láta aðra ganga í þau störf sem við höfum gegnt í gegnum tíðina.

Við teljum það einnig ámælisvert, öryggisins vegna, að ætla sér að heimila íþróttaiðkun í Íþróttamannvirkjum án þess að starfsmenn þeirra séu á staðnum.

Við viljum einnig minna á að við höfum tekið á okkur umtalsverða kjaraskerðingu sökum styttingar á opnunartíma og á þeirri forsendu munum við ekki og ætlum okkur ekki að sætta okkur við að bæjaryfirvöld ætli sér að leyfa íþróttaiðkun án þess að starfsmenn séu til staðar. Það er mat okkar að það sé verið að stefna starfsöryggi okkar í tvísýnu ef þessi áform verða látin átölulaus.

Við undirritaðir starfsmenn höfum falið Verkalýðsfélagi Akraness að gæta hagsmunu okkar í þessu máli í hvívetna. Vonumst við eindregið til að hægt verði að finna farsæla lausn á þessu máli. Ef það gengur hins vegar ekki eftir munum við veita félagini umboð til að leita réttar fyrir félagsdómi til að verja starfsöryggi okkar ef þörf krefur.

Akranesi 14. október 2009

Gunnlaugur Sólason
Arni Þorsteinn Vilhjálmsen
Helgi Gisladóttir
Óskra Gárdandóttir
Birgir Birgisson.
Guðrún Þórhildur Guðjónsson
Karlheim Óskarsson

BERGLIND ÞJÓRGUINSDÓTTIR
LÍA Þ. STEINSSON
KRISTJÁN ÞORSTEINSSON
Sigríður Þórhildur Guðjónsdóttir
MARICEL VILLELA
Jón A. Syrstad
Brundur Ó Guðjónsdóttir